

*Viðauki með samningi mennta-og menningarmálaráðuneytis
og Landbúnaðarháskóla Íslands.*

4. júlí 2012



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	3
1.1	Lagaheimildir og forsendur	3
1.2	Samskiptahættir	3
1.3	Stefna Landbúnaðarháskóla Íslands	3
2.	Hlutverk og starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands	4
2.1	Deildir og námsbrautir	4
2.3	Nemendur	6
2.4	Rannsóknir	6
2.5	Mannauður	7
3.	Áherslur í daglegu starfi	8
3.1	Samvinna og samkeppni	8
3.2	Tengsl við atvinnulíf og samfélag	8
3.3	Alþjóðlegt starf	8
4.	Innrastarf og upplýsingagjöf	8
4.1	Gæðastarf	8
4.2	Aðstaða	8
4.2.1	Aðstaða til kennslu og rannsókna	9
4.2.2	Önnur aðstaða, fasteignir og staðarhald	9
5.	Stjórnun, skipulag og fjármál	10
5.1	Stjórnun og skipulag	10
5.2	Fjármál	10
5.2.1.	Fjármál og bókhald	11
5.2.2.	Fjármögnun	11
6.	Megináherslur og markmið til 2017	11
7.	Samstarf, upplýsingagjöf, lykiltölur og aðgangsviðmið	12
7.1	Samstarf	12
7.2	Upplýsingagjöf og lykiltölur	12
7.3	Aðgangsviðmið	13
7.4	Frjáls hugbúnaður	13
8.	Lykiltölur og aðgangsviðmið	13
8.1	Lykiltölur	13
8.2	Innleiðing aðgangsviðmiða	16
8.3	Nýting frjáls hugbúnaðar	16
9.	Viðauki	17
9.1	Námsreglur	17
9.2	Starfsreglur	17
9.3	Síðareglur	17
9.4	Stefna	17
9.5	Gæðastefna	17
9.6	Prófgráður og námskeiðslýsingar / námskrár	17

1. Inngangur

Eftirfarandi er viðauki við samning Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) við mennta- og menningarmálaráðuneytið (MMR). Hann lýsir helstu þáttum í starfi háskólans og þeim áherslum sem skólinn leggur fram.

Viðauki þessi er umræðugrundvöllur ráðuneytis og Landbúnaðarháskóla Íslands en mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ekki tekið formlega afstöðu til þeirra þátta sem hér koma fram og varða áherslur, áform og stefnu skólans.

MMR og LbhÍ munu á árinu 2012 vinna að sameiginlegum viðfangsefnum og skilgreina helstu markmið skólans og tengsl markmiðssetningar við lykiltölur (kaflar 7.2 og 8.1) og frágangi á skilgreiningu á aðgangsviðmiðunum (kaflar 7.3 og 8.2) og nýtingu á frjálsum hugbúnaði í samræmi við stefnumótun stjórnvalda (kaflar 7.4 og 8.3)

Að því búnu verður viðaukinn uppfærður og virkjaður.

1.1 Lagaheimildir og forsendur

Samkomulag þetta er hluti af gr. 1.4. samnings milli LbhÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytis sem dagsettur er 4. júlí 2012. Viðaukinn mun að loknu samráðsferli ráðuneytis og háskólans kveða á um áherslur og sameiginleg markmið háskólans og ráðuneytisins, sbr. c-lið 21. gr. laga umháskóla nr. 63/2006.

Samkomulagið verður endurskoðað og yfirfarið á samningstímanum með reglulegum hætti, eins og þurfa þykir, til samræmis við þróun á starfsemi skólans, markmiðum og áherslum.

Samkomulagið hefur ekki áhrif á skyldur eða heimildir aðila samkvæmt lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

1.2. Samskiptahættir

Þær meginreglur gilda í samskiptum ráðuneytis og LbhÍ að unnið sé í fullu trausti milli aðila. Öll samskipti skulu vera málefnaleg og vinnulag einkennast af gagnsæi og skjótum vinnubrögðum. Lögbindið sjálfstæði háskólans og hlutverk ráðuneytisins eru virt. Samvinna sé um lausn mála og hagsmuna nemenda gætt.

Ráðuneytið boðar til funda um þjónustusamninginn. Dagskrá funda skal liggja fyrir, þó með fyrirvara um breytingar, en á fundunum skal m.a. taka fyrir framkvæmd samningsins, forsendur og framvindu með tilliti til markmiða, áætlana um framkvæmd gæðamats ásamt upplýsingum sem taka skal saman samkvæmt samningnum.

1.3 Stefna Landbúnaðarháskóla Íslands

Framtíðarsýn:

LbhÍ er leiðandi afl í rannsóknum, kennslu og nýsköpun á sviði náttúruvísinda, auðlinda- og umhverfisfræða og landnýtingar. Rannsóknir eru drifkraftur starfsins. Þar hljóta nemendur vandada og gagnlega menntun, sem byggir á gagnrýnni hugsun, sjálfstæðum vinnubrögðum og færni. Þetta gerir þeim kleift að verða öflugir liðsmenn og leiðtogar í samfélaginu. Skólinn býður fram á kjöraðstæður til náms og starfa og laðar að hæfa nemendur og starfsmenn. Vísindamenn skólans njóta virðingar jafnt innan lands sem utan fyrir öflugt starf og vinna náð með öðrum háskólum og rannsóknastofnunum að kennslu og rannsóknum.

Þjóðfélagið leitar til skólans í ríkum mæli við lausn á aðkallandi viðfangsefnum og mótun samfélagsins. Gott orð fer af starfi skólans. Það má skýra með nemendum sem vegnað hefur vel að námi loknu, ánægðu starfsfólki sem upplifir hvatningu og árangur í starfi og rannsóknum sem standast kröfur og leiða til framfara.

Gildi LbhÍ eru Gróska – Virðing - Víska:

Gróska: Athafnasemi, vöxtur, framkvæmdaglegi, nýsköpun, ríkulegur ávöxtur, uppbygging. Þeir hvatar sem drífa starfið áfram. Vísar einnig til náttúrunnar sem er meginviðfangsefni skólans.

Virðing: Verklag, aðferðir, siðferði, metnaður, ímynd, samskipti, menning. Undirstrikar einnig afstöðu til viðfangsefnisins sem er náttúran og umhverfið.

Viska: Þekkingarleit, fræðileg dýpt, faglegt starf, niðurstöður og ákvarðanir byggðar á rökum. Vísar einnig til náttúruvísindanna sem grundvallarvissunnar um lífið.

2. Hlutverk og starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands

Hlutverk LbhÍ er að vísa veginn til aukinna lífsgæða í sátt við náttúruna. LbhÍ er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun sem menntar og þjálfar nemendur til sérfræði- og rannsóknastarfa á sérsviðum skólans. LbhÍ er miðstöð fyrir kennslu og rannsóknir í búvísindum og hestafræði, náttúru og umhverfisfræði, skógfræði, landgræðslufræðum, umhverfisskipulagi og skipulagsfræði, sbr. 29. grein laga 57/1999. Einnig hefur háskólinn starfs- og endurmenntunardeild sem rekur námsbrautir á framhaldsskólastigi í búfræði og garðyrkjutengdum greinum auk þess að bjóða fram úrval símenntunarnámskeiða. Jafnframt er Landgræðsluskóli Sameinuðu þjóðanna vistaður hjá Landbúnaðarháskólanum í samstarfi við Landgræðslu ríkisins. LbhÍ tekur virkan þátt í eflingu íslensks þekkingarsamfélags með öflugum kennslu- og rannsóknastarfi. Áhersla er lögð á sérhæfingu og samstarf innanlands sem utan við háskóla, stofnanir og viðkomandi atvinnugreinar. Þá hefur skólinn kappkostað að byggja upp góða aðstöðu til kennslu og rannsókna. LbhÍ hefur komið fram sem fulltrúi Íslands á viðkomandi fræðasviðum erlendis og fékk viðurkenningu á fræðasviðum sínum frá mennta og menningarmálaráðaneytinu árið 2008 og leyfi til að reka doktorsnám árið 2009. LbhÍ tekur fullan þátt í *samstarfsneti opinberra háskóla*.

Skólinn gegnir mikilvægu hlutverki í nærsamfélagi sínu, sem og fyrir íslenskt samfélag heilt á litid og er ein meginstöða undir dreifbýlisþróun á Íslandi. Þær atvinnugreinar sem skólinn þjónar skipta íslenskt samfélag og lífið í landinu miklu máli.

LbhÍ hefur ákveðna sérstöðu í íslensku samfélagi og atvinnulífi, sem ber ábyrgð á þjónustu við mikilvægan atvinnuveg og matvælaframleiðslu í landinu, þróun byggðar í dreifbýli og þéttbýli, auk þess sem LbhÍ vill vera leiðandi í rannsóknum og menntun fagfólks sem ber ábyrgð á nýtingu, verndun og uppbyggingu vistkerfa á Íslandi. Sérstafa Landbúnaðarháskólans felst m.a. í staðsetningu á landsbyggðinni og felst einnig í dreifðum starfsstöðvum sem tryggja nálægð við fólk og auðlindir í landinu.

2.1 Deildir og námsbrautir

LbhÍ hefur viðurkenningu, á grunni laga nr. 63/2006, á tveimur fræðasviðum: Auðlinda- og búvísindum og Náttúruvísindum. Á þeim forsendum rekur LbhÍ tvær akademískar deildir á sviði landbúnaðar, landnýtingar, náttúrufræða og auðlinda- og umhverfisfræða.

Auðlindadeild (AD): AD hefur að meginmarkmiði að viðhalda og þróa íslenskar erfðaauðlindir í búfé og nytjajurtum og byggja upp sjálfbær framleiðsluferfi sem tryggja gæði og rekjanleika afurðanna frá framleiðanda til neytanda. Lögð er áhersla á að finna leiðir til þess að bæta nýtingu, lækka kostnað við framleiðslu og auka gæði en tryggja jafnframt að aukin hagkvæmni haldist í hendur við sjálfbæra nýtingu landsins. AD býður upp á námsbraut í búvísindum auk námsbrautar í hestafræði í samvinnu við Hólaskóla- Háskólann á Hólum en nemendur stunda nám á báðum stöðum og útskrifast með sameiginlega gráðu frá skólunum tveimur.

Boðið er grunnám til BS gráðu en auk þess býður deildin rannsóknatengt framhaldsnám til MS og PhD gráða. Doktorsnámið er í nánú samstarfi við miðstöð framhaldsnáms við HÍ.

Umhverfiseild (UD): UD hefur á að skipa fjölbættri þekkingu á sviði náttúru- og umhverfisvísinda, skipulags og landslagsarkitektúrs. Innan deildarinnar er boðið um á fjölbreytt nám á sviði náttúru – og umhverfisvísinda, umhverfisskipulags, skógfræði og endurheimt landgæða. Lögð er áhersla á sveigjanleika og fjölbreytta valkost í náminu þar sem nemandinn hefur tækifæri til að laga námið að áhugasviðum sínum, jafnframt því sem hann öðlast breiðan bakgrunn fyrir margvísleg störf eða frekari menntun. Rannsóknastarf við UD er afar öflugt og fjölbreytt og rennir það styrkum stöðum undir kennslu UD. LbhÍ hefur ákveðna sérstöðu á mörgum sviðum rannsókna í umhverfis- og skipulagsmálum, m.a. er tengist náttúrunýtingu og náttúruvernd, vistkerfum Íslands, gróðurhúsalofttegundum, jarðvegi, skógfræði og landgræðslu, og sjálfbærri nýtingu landkosta. Rannsóknir starfsmanna deildarinnar stuðla m.a. að því að þróun landnýtingar sé náttúrulega, félagslega og efnahagslega sjálfbær og vinni með fjölbreytileika mannlífs og náttúru. UD býður upp á námsbrautir í náttúru- og umhverfisfræðum, skógfræði og landgræðslu og landslagsarkitektúr og skipulagsfræðum. Boðið er grunnám til BS gráðu en auk þess býður deildin rannsóknatengt framhaldsnám til MS og PhD gráða. Doktorsnámið er í nánú samstarfi við miðstöð framhaldsnáms við HÍ.

Starfs- og endurmenntunardeild (SED).

SED býður fram starfsmenntanám á framhaldsskólastigi á sviði garðyrkju og búfræði sem einnig nýtist sem aðfaranám inn á háskólabrautirnar. SED er sjálfstæð deild innan LbhÍ sem annast starfs- og endurmenntun á fagsviðum stofnunarinnar. Stjórn deildarinnar er á vegum forstöðumanns en undir hann heyra námsbrautastjórar, sem bera ábyrgð á faglegri umsjón námsbrauta, og endurmenntunartjóri sem annast daglegan rekstur endurmenntunarnámskeiða.

Námsbrautir og rannsóknánám háskóladeildanna mynda kennsluvið háskólans ásamt námskrárbundnu námi starfs- og endurmenntunardeildar. Um námið gilda starfsreglur (sjá kafla 9.1).

Á vegum samstarfsnets opinberra háskóla verður innleitt sumarið 2012 gagnavistunar- og kennslukefi við LbhÍ sem byggt er á Uglu sem þróuð hefur verið af Háskóla Íslands á undanförunum árum. Þar með verður skólinn kominn inn í samræmt kerfi kennslukerfa, nemendaskrár, kennsluskrár, kennsluferillskráa o.fl. gagnagrunna. Einnig hefur tekið gildi samstarfssamningur um flæði nemenda milli opinberu háskólanna, sem gerir LbhÍ kleift að bæta námsframboð og gæði náms. Einnig er í undirbúningi aukið samstarf um kennslumiðstöð undir forystu HÍ sem mun auka verulega þjónustu við kennara, ekki hvað síst í tengslum við eflingu á kennslufræðilegri menntun þeirra. Í tengslum við netið hefur háskólinn fengið fullkominn fjarfundarbúnað til samskipta.

Inntaka nemenda, námsframvinda og málskotsréttur

Háskólinn hefur sett sér námsreglur þar sem að inntöku nemenda og námsframvindu er nákvæmlega lýst. (sjá kafla 9.1)

Kostnaður nemenda

LbhÍ innheimtir ekki skólagjöld fyrir reglubundið nám. Hver nemandi greiðir skráningargjöld fyrir hvert skólaár í samræmi við aðra opinbera háskóla. Einnig taka nemendur þátt í kostnaði s.s. við vettvangsferðir og verknámsúttektir eða efnisgjöld þar sem það á við. Nemendur sem hafa hross að viðfangsefni í námi sínu greiða kostnað sem hlýst af umhirðu hesta í þeirra eigu og umsjón.

Skipulag náms

Námsbrautir til BS gráðu við LbhÍ byggja á tveimur meginklössum námskeiða. Annars vegar eru sérhæfð námskeið í BS námi í umhverfisskipulagi sem liggur á þverfaglegum vettvangi samfélags-, list- og náttúrufræðigreina. Hins vegar náttúrufræðitengdar námsgreinar sem byggja á grunni raunvísinda Þessi klasi námskeiða er megininntak námsbrauta í hestafræði og búvísindum sem heyra undir auðlindadeild og náttúru- og umhverfisfræði og skógræði og landgræðslu sem heyra undir umhverfisdeild. Í síðari klasanum er raungreinagrunnurinn allur sameignilegur milli námsbrauta auk þess sem margar valgreinar nýtast fleiri en einni námsbraut.

Aðeins ein námsbraut er til MS gráðu en það er skipulagsfræði sem tilheyrir umhverfisdeild. Annað MS nám er einstaklingsbundið í báðum háskóladeildum.

Boðið er upp á doktorsnám við umhverfisdeild og auðlindadeild. Námið byggir mikið á samstarfi mennta- og rannsóknastofnana innanlands og erlendis og er rekið í nánú samstarfi við Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands og eftir samræmdum reglum HÍ og LbhÍ.

Starfs og endurmenntunardeild rekur nám í búfræði á Hvanneyri og í garðyrkjugreinum að Reykjum í Ölfusi. Inntökuskilyrði í búfræði og garðyrkjugreinar eru 2-4 annir á framhaldsskólastigi og 18 ára aldur. Námið skiptist í 4 annir bóklegt nám við skólann og verknám í atvinnulífni, 13 vikur í búfræði og 60 vikur í garðyrkjugreinum. Bóklegt nám er blanda af fyrirlesturum, verklegum æfingum og vettvangsferðum og verknám fer fram á vinnustöðum sem skólinn samþykkir sem verknámsstaði. Landfræðileg fjarlægð milli skólastaða takmarkar nokkuð samlegð milli skólastaðanna á Reykjum og Hvanneyri í kennslu, en stjórnýssla er að mestu sameiginleg.

Starfs og endurmenntunardeild rekur einnig endurmenntun um allt land, og eru sumar námsleiðirnar einingabærar námskeiðaraðir á framhaldsskólastigi (Reiðmaðurinn, Grænni skógar, Sádmaðurinn, Betri vellir).

Lýsingar námskeiða og námsbrauta í háskólanáminu eru í samæmi við viðmið um æðri menntun og prófgráður sbr. auglýsingu stjórnartíðinda nr. 530/2011 og vinnur skólinn nú að verkefni á vegum samstarfsnets opinberra háskóla um að gera fyrstu umsókn íslenskra háskóla um ECTS label.

Kennslumisseri LbhÍ er skipt í tvennt, eða svokallaðar 7 vikna „stuttannir“. Námskeið, sem eru stærri en 6 ECTS, eru að jafnaði kennd yfir tvær stuttannir, annars aðeins á einni stuttönn. Að auki eru ýmis verkleg námskeið og námsferðir kenndar að sumri. Kennslumisseri starfsmenntadeildar LbhÍ fylgir að mestu skipulagi framhaldsskóla, 14 kennsluvikur auk tveggja prófavikna.

Skólinn hefur boðið nemendum upp á að kaupa sér aukaþjónustu fjarnámslausna (þó ekki í umhverfisskipulagi) vilji þeir búa utan skólastaðar og spara sér tímasókn og geta nemendur horft á upptökur fyrirlestra þegar þeim hentar. Að jafnaði er

skyldumæting í verklega þætti og námsferðir allra námskeiða.

Endurmenntun

Háskólinn býður uppá fjölbreytta sí- og endurmenntun á sérsviðum sínum. Háskólinn stefnir að því að efla þessa þjónustu enn frekar á samningstímanum. Innan endurmenntunardeildar er boðið upp á endurmenntunarnámskeið á framhaldsskóla- og háskólastigi auk námskeiða fyrir almenning á sérsviðum skólans. Námskeið endurmenntunar LbhÍ eru rekin um land allt og eftir atvikum í samstarfi við helstu aðila á fagsviðum sem tengjast viðkomandi námskeiðum. Auk stakra námskeiða af mismunandi lengd býður endurmenntun LbhÍ upp á námskeiðaraðir sem metnar eru til eininga á viðkomandi skólastigi. Rekstur endurmenntunar er fjárhagslega aðgreindur frá annarri starfsemi skólans og skal standa undir sér.

2.3 Nemendur

Fjöldi útskrifaðra nemenda við Landbúnaðarháskóla Íslands 2005-2012

Fjöldi útskrifaðra nema í háskólanámi og starfsmenntanámi 2005-2012.								
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Háskólastig:	11	26	25	19	31	48	33	54*
Framhaldsskólastig:	19	29	8	27	21	27	27	39
Alls	31	56	34	52	58	80	65	93

* þar af 12 úr hestafræði –sameiginleg námsbraut LbhÍ og Hólaskóla

Fjöldi nemenda við Landbúnaðarháskóla Íslands 2005-2011

Fjöldi nemenda eftir námsbrautum í háskólanámi og starfsmenntanámi 2005-2011.							
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Háskólastig:	137	154	208	216	250	246	256
Búvísindi	43	32	29	32	38	44	56
Hestafræði	0	0	20	18	25	29	29
Náttúra og umhverfi	22	26	29	44	50	39	48
Skógfræði og landgræðsla	5	21	20	16	21	19	19
Umhverfisskipulag	52	48	62	73	77	65	49
MS og PhD	15	27	38	33	39	50	57
Framhaldsskólastig:	112	102	102	110	110	156	138
Búfræði	65	54	65	65	73	79	86
Blómaskreytingar	12	11	9	9	8	11	6
Garðyrkjuframleiðsla (garðplöntur/ ylrækt)	23	19	14	10	8	36	24
Skógur og náttúra	0	6	4	7	3	7	5
Skrúðgarðyrkja	12	9	10	18	15	17	12
Endurmenntun (einingarbært nám)	145	127	149	117	145	206	258

Aldurssamsetning og bakgrunnur nemendahópsins er fjölbreytt. Veturinn 2011-2012 voru 64% með lögheimili á landbyggðinni. Í háskóladeildum voru um 67% nemenda konur en um 50% í starfs- og endurmenntunardeild.

2.4 Rannsóknir

Rannsóknir eru snar þáttur í starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands og tæplega helmingi af heildarveltu skólans er varið í þennan málaflokk. Í gildi er sérstakur samningur við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti (SLR) til fjögurra ára um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðar þjónustu á sviði landbúnaðar. Núgildandi samningur nær til loka árs 2012. Í samningnum skuldbindur LbhÍ sig til þess að viðhalda og/eða byggja upp gæðarannsóknir á eftirtöldum sviðum: Frumframleiðslu og fæðuöryggi, garðyrkju, byggðapróun og nýsköpun, skógrækt og landgræðslu, umhverfismála, og hagfræði.

Fé til rannsókna hefur fengist með framlagi MMR, í gegnum samninginn við SLR og úr innlendum og erlendum rannsóknasjóðum (sjá töflu). Framlag til rannsókna hefur dregist nokkuð saman á allra síðustu árum.

Veittar sértekjur (á verðlagi hvers árs) vegna rannsókn- og þróunarverkefna við Landbúnaðarháskóla Íslands 2006-2011.

Ár	Innlendir sjóðir	Erlendir sjóðir	SLR	Samtals úr sjóðum
2006	64.6 m.kr.	2.5 m.kr.		67.1 m.kr.
2007	78.0 m.kr.	9.6 m.kr.		87.6 m.kr.
2008	72.8 m.kr.	11.3 m.kr.		84.1 m.kr.
2009	62.8 m.kr.	10.6 m.kr.	168.5 m.kr.	73.4 m.kr.
2010	51.8 m.kr.	10.2 m.kr.	153.9 m.kr.	62.0 m.kr.
2011	26.6 m.kr.	17.4 m.kr.	155.2 m.kr.	44.0 m.kr.

Rannsóknaverkefni eru unnin á vettvangi háskóladeilda skólans og móta þær rannsóknastefnu hvor á sínu sérsviði. Sérfræðingar hafa þó nokkuð frjálssar hendur við val á einstökum rannsóknaverkefnum innan þess ramma sem heildarstefnumörkun setur. Við skólann er starfandi sérstakt rannsóknasvið og er meginhlutverk þess að tryggja gæði rannsóknastarfsins og leita leiða til þess að bæta árangur sérfræðinga og rannsóknánámsnema við skólann. Starfsmenn birta niðurstöður rannsókna sinna í ritrýndum ritum og alls hafa birst 98 vísindagreinar í ISI ritrýndum tímaritum frá 2006 eða rúmlega 16 greinar á ári. Þeir hafa einnig verið virkir þátttakendur í Fræðapingi landbúnaðarins og birt fjölmargar greinar í riti þess, á fagþingum skógræktar og landgræðslu og ýmsum öðrum vettvangi. Loks má nefna að rík hefð er fyrir því að miðla rannsóknaniðurstöðum beint til bænda og annarra hópa með ýmskonar leiðbeiningarstarfi og því verður árangur rannsókna ekki alltaf sýnilegur í hinu opinbera matskerfi.

Hluti af rannsóknavirkni starfsmanna hefur falist í leiðbeiningu rannsóknánámsnema við skólann. Alls hafa 25 nemendur útskrifast með meistaraþáttum á árunum 2006-2011. Skólinn hefur heimild til þess að útskrifa doktorsnema og á hann aðild að Miðstöð um framhaldsnám við Háskóla Íslands. Fyrsti doktorsneminn útskrifaðist 2010 og nú eru alls sex doktorsnemar skráðir við skólann.

Launasetning akademískra starfsmanna er að hluta árangurstengd og er þar stuðst við matskerfi opinberra háskóla. Próffessorar fá árlegar árangursgreiðslur úr vinnumatssjóði próffessora sem vistaður er hjá fjármálaráðuneytinu en aðrir starfsmenn fá árlegar eingreiðslur skv. sérstöku vinnumatsskerfi sem skilgreint er í stofnanasamningi skólans við viðkomandi stéttarfélag. Á vettvangi samstarfsnets opinberu háskólanna er unnið að því að samræma gæðamat allra starfsmanna og reglur um nýráðningar, fastráðningu og framgang. Stefnt er að því að semja við vísindasvið HÍ um framkvæmd dómnefndarmats eftir að nýjar reglur koma til framkvæmda.

2.5 Mannauður

Mikilvægasti hlekkur árangursríks starfs hjá LbhÍ er að sjálfsgöðu starfsfólkið. Þann 1. maí 2012 störfuðu við LbhÍ 99 manns í 88 stöðugildum. Skipta má starfsliðinu í þrjá hópa eftir inntaki starfs þ.e. akademíska starfsmenn, starfsfólki hjá starfs- og endurmenntun og starfsfólki við stöðþjónustu. Þá voru 140 manns á lista yfir gesta- og stundakennara en að jafnaði jafngildir vinnuframlag þeirra um 10 ársverkum, misjafnt eftir árum.

Skipting starfa hjá LbhÍ þann 1.maí 2012

Starfaflokkur	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi ársverka
Próffessorar	12	8,6
Dósentar	7	6,9
Lektorar	14	12,7
Sérfr./adj. rannsókn/kennsla	17	14,5
Starfs- og endurmenntun	13	12,8
Stöðþjónusta	36	32,6
Alls:	99	88,0

Í töflunni hér að ofan eru allir starfsmenn taldir með, þannig eru deildarforsetar, sviðsstjórar og rektor flokkaðir með akademískum starfsmönnum enda sinna þeir allir rannsóknum og kennslu að verulegu leyti ásamt með stjórnunarstörfum. Þá er einnig flokkaðir með sérfræðingum/adjúntum doktorsnema sem eru á launaskrá í gegnum ákveðin rannsóknaverkefni enda sinna þeir allir kennslu meðfram rannsóknum sínum og eins eru taldir með í viðeigandi starfaflokki þeir sem stýra sérhæfðum verkefnum að meginstarfi eins og UNU-Lrt, Votlendissetri, Kolefnisbókhaldi, Erfðalindasetri, Orkusetri o.fl.

Skólinn telur mikilvægt að vera í góðum tengslum við atvinnulíf og sækir í að fá færustu sérfræðinga þaðan og úr helstu samstarfsstofnunum til að koma að kennslu. LbhÍ telur þó mjög mikilvægt fyrir gæði skólustarfsins til lengri tíma lítið að hryggjarstykki kennslu í hverri námsbraut sé ætíð byggt á föstu starfsfólki skólans. Hjá LbhÍ er virk starfsmannastefna, jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun. Þá eru í gildi síðareglur (sjá www.lbhi.is).

3. Áherslur í daglegu starfi

Það er áhersla í daglegu starfi háskólans að gæðakerfi hans, (sjá neðar), sé virkt og að kennarar og nemendur hafi þroskað með sér gæðavitund. Háskólinn hefur sett sér markmið um árangur sem eru stefnumótandi í daglegu starfi hans sbr. kafli 9.4. Markmiðin verða rædd á fundum um viðauka þennan.

3.1 Samvinna og samkeppni

LbhÍ telur samstarf milli háskóla, rannsóknarstofnana og atvinnufyrirtækja mjög mikilvægt, sérstaklega í rannsóknum, en styður einnig eflingu samkeppnissjóða og að samkeppni stuðli að sem mestu frumkvæði, drifkrafti og auknum árangri í rannsóknum og kennslu. Samstarf er mikilvægt á mörgum sviðum. Mikilvægt er að hafa ákveðna valkosti í háskólanámi, bæði fyrir nemendur og kennara, ekki síst gagnvart þeim nemendum sem vilja stunda nám á landsbyggðinni. Faggreinar LbhÍ eru í takmarkaðri samkeppni um nemendur við aðrar háskólastofnanir hér á landi vegna sérhæfingar sinnar. Skólinn hefur eigi að síður fullan vilja til samstarfs við aðra skóla með aukin gæði, hagræðingu og gagnkvæman ávinning að leiðarljósi. Það sama má segja um rannsóknir skólans, enda eru þær að hluta til fjármagnaðar af samkeppnissjóðum. Það er markmið skólans að rannsóknarstarf hans standist samkeppni á hverjum tíma.

3.2 Tengsl við atvinnulíf og samfélag

Háskólar eiga að vera í fararbroddi hvað varðar uppbyggingu menningar og atvinnulífs. LbhÍ er að stofni til atvinnuvegatengdur skóli og því í óvenjumiklum tengslum við atvinnulífið sem slíkur. Stórum hluta rannsóknarniðurstaðna er miðlað beint inn á vettvang þess atvinnulífs sem hann þjónar.

3.3 Alþjóðlegt starf

LbhÍ leggur mikla áherslu á gott samband við háskóla bæði innan og utan Evrópu. LbhÍ er í mjög virku samstarfi við 8 systurstofnanir á Norðurlöndunum og rekur með þeim háskólanetið NOVA (The Nordic Forestry, Veterinary and Agricultural University Network). NOVA er samræmingar- og samstarfsvettvangur háskólanna og stendur fyrir og fjármagnar sameiginleg PhD og MS námskeið. Í gegnum NOVA geta nemendur með BS-gráðu gengið beint inn í meistaranám í mörgum greinum við þessa háskóla og fengið einingar sínar metnar til fulls. Síðan er NOVA í samstarfi við Nordplus en það gerir nemendum kleift að sækja um styrki vegna ferðakostnaðar og uppihalds meðan á dvöl stendur. LbhÍ er einnig með samstarfssamninga við ýmsa skóla í Evrópu í gegnum ERASMUS-áætlunina. ERASMUS byggir m.a.á einstaklingsstyrkjum til nemendaskipta og geta nemendur sótt um dvöl í 3-12 mánuði án þess að það tefji þá í námi þar sem skilyrði er að námið erlendis verði að fullu metið þegar heim er komið. Stefnt er að því að fjölga samstarfssamningum milli háskóla á næstu misserum. LbhÍ hefur einnig gert samstarfssamninga við háskóla í Kanada og í Bandaríkjunum. LbhÍ hýsir og rekur Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-Lrt) í samstarfi við Landgræðslu ríkisins.

4. Innrastarf og upplýsingagjöf

4.1 Gæðastarf

Gæðastarf LbhÍ nær til náms, rannsókna og þjónustu með skírskotun til innlendra og erlendra viðmiða m.a. Bologna samninginn og stefnu skólans. Unnið er með MMR og Gæðaráði háskóla að gæðaúttektum á starfi LbhÍ með tilskyldu millibili. Í kennslu er lagt reglubundið mat á framkvæmd kennslunnar og frammistöðu nemenda með kennslumati, kennsluþjálfun, úttektum á viðmiðum í námsbrauta og námskeiðalýsingum ofl. Í rannsóknum er lagt mat á árlega rannsóknavirkni starfsmanna. Starfsreglur um val, ráðningu og framgang akademískra starfsmanna auk árlegra starfsmannaviðtala rannsóknaleyfa og endurmenntun eru mikilvægir þættir gæðakerfis LbhÍ. Frekari lýsingu á markmiðum og inntaki innra gæðakerfis LbhÍ er að finna á heimasíðu skólans: <http://vefur.lbhi.is/Pages/1846>

4.2 Aðstaða

Megin starfsstöð Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) er á Hvanneyri í Borgarfirði, um klukkutíma akstur norður frá Reykjavík. Í háskólaþorpinu búa ríflega 300 manns til viðbótar stúdentum. Á starfsstöð LbhÍ á Keldnaholti í Reykjavík starfa margir kennarar og vísindamenn þá daga sem þeir eru ekki í kennslu eða útvinnu. LbhÍ rekur starfsstöð á Reykjum við Hveragerði þar sem m.a. er mjög fullkomin tilraunaaðstaða í garðyrkju. LbhÍ rekur einnig fjórar mjög vel búnar tilraunastöðvar á mismunandi stöðum á landinu. Alls eru á þessum tilraunastöðvum 420 ha ræktaðs lands auk 2500 ha af margvíslegu öðru landi. Að auki eru 12 ha af mjög sérhæfðu tilraunalandi. Á tilraunastöðvum þessum eru um 120 mjólkurkyr og um 600 fjár auk margskyns búnaðar til kennslu og rannsókna. Þessi aðstaða auk margháttarar

rannsóknastarfsemi á vegum LbhÍ nýtist nemendum og starfslíði á ýmsan hátt í sambandi við kennslu og rannsóknir.

4.2.1 Aðstaða til kennslu og rannsókna

Almenn og sérhæfð kennslurými.

LbhÍ rekur um 17 hefðbundin kennslurými fyrir á bilinu 6-70 nemendur, og 19 rými fyrir sérhæfða verklega kennslu, svo sem tvö tölvuver, rannsóknastofur, teiknisal, gripahús, reiðhöll, nokkur gróðurhús, og ýmsis verkstæði og vinnustofur. Flest þessara rýma eru á Hvanneyri, en færri á Reykjum og Keldnaholti. Margt af þessari aðstöðu er eðli máls samkvæmt einnig hluti af almennri rannsóknaraðstöðu.

Rannsóknastofur.

Hjá LbhÍ er sérútbúin aðstaða til rannsókna á sviði búvísinda, náttúru- og umhverfisfræða, s.s. fóður- og jarðvegsefnagreininga, sameindaerfðafræði, skógfræði, landgræðslu og jarðvegseyðingar, kolefnisbindingar og losunar gróðurhúsalofttegunda. Þá hefur LbhÍ yfir að ráða aðstöðu og tækjum til margháttadra efnagreininga. Af sérhæfðum rannsóknastofum til kennslu og rannsókna eru um 500 m² á Hvanneyri og um 1500 m² á Keldnaholti.

Bókasafn.

Bókasafn LbhÍ geymir yfir 30.000 rit og yfir 400 ritraðir blaða og tímarita. Árlega eru millisafnalán úr safni um 150 og 500 fengin inn. Til viðbótar rekur LbhÍ gagnagáttina greinasafn á <http://www.landbunadur.is> ásamt samstarfsstofnunum. Þar er að finna um 10.000 greinar á sviði líffræði, umhverfis- og landbúnaðarfræða. LbhÍ er einnig aðili að Hvar.is sem er vefur landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Þar er aðgangur að fullum texta greina úr fleiri en 14.000 tímaritum auk útdráttu úrgreinum úr yfir 6.000 tímaritum, 12 gagnasöfnum, fullum texta yfir 10.000 greiningarskýrslna og 500 rafbóka.

Gagnagrunnar.

Nemendum og starfsfólki LbhÍ standa til boða til náms og rannsókna mjög viðamiklir gagnagrunnar með sérhæfðum upplýsingum á fræðasviðum skólans, s.s. grunnar með landupplýsingum, jarðvegsupplýsingum, upplýsingum um jarðvegseyðingu, skógrækt, skýrsluhald um íslenskt búfé, búreikninga, efnainnihaldi matvæla o.fl.

Tölvubjónusta.

Öllu starfsfólki og nemendum er látinn í té aðgangur að interneti, tölvupósti, gagnavistun og ýmsum hugbúnaði, auk þjónustu sérfræðinga. Auk þess er öllu starfsfólki séð fyrir tölvum. Kennslurými eru með tölvum fyrir kennara og skjávarpa auk þráðlauss netsambands.

Ferðafé og styrkir fyrir stúdenta.

Í samstarfsneti norrænna landbúnaðarháskóla, NOVA, er rekið sérstakt Nordplus-netverk sem stendur straum af ferðakostnaði stúdenta sem fara á milli skólanna í stúdentaskiptum. LbhÍ vistar einn sjóð sem veitir takmörkuðum hópi nemenda beina námsstyrki.

Rými fyrir félagsstarfssemi stúdenta, afþreyingu ofl.

LbhÍ lætur nemendum í té húsnæði til að reka félagsstarfssemi, heilsurækt ofl. Góðar aðstæður eru á Hvanneyri til hvers kyns útivistar og hafa nemendur m.a. aðgang að fullbúinni hestamiðstöð til að halda reiðhesta sína á staðnum.

Studentaherbergi, íbúðir og þjónusta við fjölskyldufólk.

Tæplega 100 leigurými eru leigð út til nemenda skólans á vegum Nemendagarða LbhÍ. Í háskólaþorpinu á Hvanneyri er margvísleg þjónusta við fjölskyldufólk s.s. leik- og grunnskóli.

4.2.2 Önnur aðstaða, fasteignir og staðarhald

LbhÍ stendur á gömlum merg en skólastarfsemi hefst á Hvanneyri árið 1889 og á Reykjum árið 1936. Á báðum þessum stöðum er mikið af sögufrægum fasteignum í umsjá skólans, sem í sumum tilfellum henta ekki vel til nútíma skólalálds en eru engu að síður hluti af aðstöðunni og þarf að viðhalda og vernda. Í samvinnu við Húsafríðunarnefnd er nú hafin s.k. húsakönnun á báðum þessum stöðum til að kortleggja þessar menningarminjar og verðmæti og setja fram leiðbeiningar um viðeigandi verndun þeirra. Á Hvanneyri er sérstaklega um að ræða gömlu bæjartorfuna með Gamla skóla, Skólastjórahúsi og Leikfimi húsi frá upphafi 20. aldar, Skemmuna sem byggð er um 1886 auk Kirkjunnar sem er í eigu og umsjá skólans og gömlu gripahúsunum sem eru sömuleiðis merkilegar menningaminjar frá fyrri hluta 20. aldar. Þá hefur skólinn fostað Landbúnaðarsafn Íslands sem hefur höfuðstöðvar í Halldórsfjosi, glæsilegri byggingu frá 1928 hannaðri af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins. Landsbúnaðarsafnið er sjálfseignarstofnun en LbhÍ hefur forystu um rekstur safnsins í áratugi, leggur því til húsnæði og stendur undir hluta rekstrarins. Öll húsin á gömlu bæjartorfunni á Hvanneyri eru hluti af

samningi LbhÍ við Fasteignir ríkisins um viðhald og rekstur. Á Hvanneyri eru reknir Nemendagarðar LbhÍ með tæplega 100 leigurýmum frá einstaklingsíbúðum upp í 4 herbergja íbúðir. Nemendagarðarnir eru sjálfseignarstofnun en LbhÍ hefur forystu um rekstur þeirra enda byggir reksturinn alfarið á tryggum fjölda staðarnema á Hvanneyri. Búfræðinemar í staðarnámi hafa verið ákveðin kjölfesta í útleigunni.


5. Stjórnun, skipulag og fjármál

5.1 Stjórnun og skipulag

LbhÍ starfar skv. lögum um háskóla nr. 63/2006, lögum um búnaðarfræðslu nr. 57/1999 og lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr. 64/1965 með síðari breytingum, reglur og stjórnvaldsfyrirmæli sem ráðuneytið gefur út á grundvelli þeirra. Á öllum þrepum stjórnunar hafa fulltrúar bæði starfsmanna og nemenda mikla aðkomu.

Eftirfarandi skipurit sýnir stjórnsýslu LbhÍ.

Skipurit



Stjórn LbhÍ er falin háskólaráði og rektor en háskólaráð markar stefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag háskólans. Háskólaráð kveður á um skipulagningu fagdeilda innan háskólans og meginstarfstillögum. Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans, ber ábyrgð á rekstri hans og hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum hans. Hann ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætla og að þær séu samþykktar af háskólaráði og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum háskólans.

Rekstrarstjóri er yfirmaður rekstrar- og þjónustusviðs háskólans og annast fjárreiður hans í umboði rektors. Með sama hætti undirbýr rekstrarstjóri árlega fjárhagsáætlun og hefur eftirlit með því að rekstur háskólans sé í samræmi viðgildandi heimildir.

Námsbrautir og rannsóknánám háskóladeildanna mynda kennslusvið háskólans. Sviðsstjóri kennslumála hefur yfirumsjón með samræmingu námsbrauta. Hann tryggir tengsl við aðrar menntastofnanir og hefur forgöngu um samræmingu námsins. Hann ber einnig ábyrgð á gæðastjórnun námsins. Kennsluskrifstofa annast daglegan rekstur kennslusviðsins undir verkstjórn kennslustjóra.

Rannsóknir háskóladeildanna mynda rannsóknasvið háskólans. Sviðsstjóri rannsóknamála hefur yfirumsjón með samræmingu rannsóknanna, gætir lögbundins rannsóknahlutverks og hefur forgöngu um samstarf og samráð við atvinnuveg og vísindastofnanir.

Stjórn háskóladeilda er í höndum deildarforseta en starfs- og endurmenntunardeild er stýrt af forstöðumanni. Þeir stjórna, í umboði rektors og háskólaráðs, málefnum hvers fagsviðs háskólans og hafa frumkvæði að mótun stefnu fyrir deildina. Þeir vinna fjárhagsáætlun fyrir deildina í samráði við rekstrarstjóra og gera tillögur um mannhald, aðföng og ábyrgð á rannsóknaverkefnum og kennsluverkefnum í samráði við verkefnisstjóra og námsbrautarstjóra.

Framkvæmdastjórn skólans stýrir daglegum rekstri LbhÍ og hefur um það þétt samráð með nær vikulegum verkfundum. Í framkvæmdastjórninni sitja rektor, deildarforsetar, forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeilda, sviðsstjórar kennslu og rannsókna og rekstrarstjóri.

5.2 Fjármál

LbhÍ fellur undir lög og reglugerðir um A-hluta ríkisstofnanir og er að stærstum hluta fjármagnaður af ríkissjóði. Rektor ber skv. 49 gr. laga nr. 88/2007 um fjárreiður ríkisins ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir skólans séu í samræmi við heimildir og

ársreikningi sé skilað.

5.2.1. Fjármál og bókhald

Á rekstrarstofu LbhÍ starfa rekstrarstjóri, skrifstofustjóri, gjaldkeri, bókari og launafulltrúi. Rekstrarstjóri hefur yfirumsjón með fjármálum stofnunarinnar, ber ábyrgð á áætlanagerð og eftirfylgni með áætlunum auk þess að annast upplýsingagjöf til ráðuneytis, ríkisendurskoðunar og önnur samskipti við eftirlitsstofnanir og samstarfsaðila. Skrifstofustjóri hefur yfirumsjón með bókhaldi, annast uppgjör og afstemmingar.

Bókari færir fylgiskjöl í verkboðhald (nú Oracle PA). Öll fylgiskjöl eru skönnuð inn og fara í rafrænt samþykktarferli, hver reikningur er samþykktur af tveimur aðilum, fyrst verkefnisstjóra viðkomandi verkefnis og síðan yfirmanns þeirrar deildar sem verkefnið tilheyrir.

Gjaldkeri greiðir reikninga þegar samþykkt þeirra er lokið og hefur umsjón með bankareikningum og sjóðum. Gjaldkeri gerir einnig innheimtureikninga (AR kerfi) og annast samskipti við banka og innheimtufyrirtæki.

Launafulltrúi annast alla launaútreikninga og færslur í launakerfi (HR kerfi). Starfsmenn færa vinnutíma sinn í Vinnustund (Oracle) þar sem vinnutímanum er skipt niður á verkefni í verkboðhaldi.

Í gildi eru verklagsreglur um áætlanagerð og eftirfylgni sem fela m.a. í sér að framkvæmdastjórn fer mánaðarlega yfir samanburð raunútgjalda og tekna við áætlun og greiningu helstu frávika.

Að gerð rekstraráætlunar kemur framkvæmdastjórn skólans og er hún lögð fyrir háskólaráð til samþykktar áður en hún er send ráðuneytinu til afgreiðslu og síðan framkvæmd sbr. III. kafla laga um framkvæmd fjárlaga. Rekstraráætlanir verða nýttar sem stjórnæki.

5.2.2. Fjármögnun

Velta LbhÍ hefur undanfarin ár verið um 1.100 milljónir á ári. Frá árinu 2008 hefur um helmingur þess fjármagns komið sem bein fjárveiting á fjárlögum MMR en jafnframt hefur hluti fastrar fjárveitingar, um 150 mkr, verið greiddur af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu skv. samningi um rannsóknir í landbúnaði. Um 35% tekna sinna fær skólinn af endurmenntun, með samningum við opinbera aðila og einkaaðila um kennslu og rannsóknir, úr rannsóknasjóðum og sem ýmsar þjónustutekjur.

6. Megináherslur og markmið til 2017

LbhÍ hefur sérstöðu í íslensku samfélagi og atvinnulífi. Hann ber ábyrgð á þjónustu við mikilvægan atvinnuveg og matvælaframleiðslu í landinu, og við þróun byggðar í dreifbýli, skipulag og landslagsmótun í þéttbýli og dreifbýli, auk þess sem LbhÍ er leiðandi í rannsóknum og menntun fagfólks sem ber ábyrgð á nýtingu, verndun og uppbyggingu vistkerfa á Íslandi. LbhÍ vill standa undir þeirri ábyrgð sem felst í ofangreindri sérstöðu. Meðal megináherslna er að tryggja rannsóknir og menntun fólks sem stuðlar að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda í framtíðinni. Framkvæmd stefnumörkunar til framtíðar ræðst af fjárhag skólans og öðrum aðstæðum.

LbhÍ stefnir að því að auka samstarf við aðrar menntastofnanir í landinu, m.a. með sameiginlegum námslínum og rekstri eininga á stöðsviðum skólanna. Byggt verður á stöðum Samstarfsnets opinberra háskóla, auk þess sem kennsla á tilteknum brautum, t.d. á sviði skipulagsfræði, verður samræmd við námsframboð við aðra opinbera háskóla eftir því sem unnt er og samningar nást. Stefnt er að aukinni samvinnu við erlenda háskóla á sviði rannsókna og kennslu, m.a. á grunni NOVA háskólanetsins, sem er samstarf norrænna háskóla á fagsviðum LbhÍ. Einnig verður í auknum mæli leitað samstarfs við háskóla utan Norðurlanda til að auka fjölbreytni í menntun.

Sérstaða LbhÍ felst einnig í rannsóknum á íslenskum erfðaauðlindum, einstæðum búfjárstofnum, og rekið verður sérstakt fræðasetur um erfðaauðlindir á tímabilinu. Við skólann starfar votlendissetur sem hefur forystu um rannsóknir á votlendi og endurheimt þess, m.a. þjónustu við ýmsa fagaðila í umhverfismálum og landbúnaði. Rannsóknir og kennsla í landgræðslu og endurheimt vistkerfa, er hluti af sérstöðu skólans, sem og rekstur Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna (LRT) í samvinnu við Landgræðslu ríkisins. Áfram verður unnið að eflingu þessara starfsþátta LbhÍ auk þess sem orkusetri verður komið á eftir því sem fjármagn fæst til þess málaflökks. LbhÍ hefur tekið við verkefnum sem áður voru unnin af Hagþjónustu landbúnaðarins og er stefnt að því að efla kennslu og rannsóknir á sviði auðlinda- og landbúnaðarhagfræði á komandi árum. Stefnt er að því að byggðamál fái auknið vægi á tímabilinu og að nám á sviði landslagsarkitektúrs og skipulagsfræða verði styrkt með aukinni samvinnu við aðrar háskólastofnanir og fleiri akademískum starfsmönnum.

Fjölgun nemenda hefur verið ör frá stofnun skólans sem jafnframt hefur tryggt hagkvæmni í kennslunni og fjölbreytni í námsframboði. Stefnt er að stígandi fjölgun 2-5% á ári næstu árin, en fjöldi nemenda er þó háður sveiflum í áhuga nýnema og þróun í samfélaginu. Núverandi breidd í námsvali minnkar þessar sveiflur, en jafnframt þarf að huga að nýjum línunum eftir því sem þarfir samfélagsins breytast. Meðal nýrra verkefna sem koma til álita á næstu árum og sem tengjast núverandi brautum má nefna umhverfis- og auðlindahagfræði, sem tengist m.a. vistun Hagþjónustu landbúnaðarins við LbhÍ, þróun framleiðsluferfa í landbúnaði og matvælaframleiðslu, framleiðsla og nýting lífrænnar orku, rannsóknir og menntun um byggðapróun, vatnshagur og votlendi, áhrif eldgosa á vistkerfi og landbúnað, skipulagsfræði og landslagarkitektúr (sjá einnig 9.4 Stefna LbhÍ 2009-2013).

Haldið verður áfram að hlúa að og efla rannsóknarnám við LbhÍ, sem vaxið hefur örum skrefum á undangengnum árum. Stefnt er að því að 85 nemendur verði í rannsóknanámi 2017. Jafnframt verður reynt að koma á styrktarsjóði innan LbhÍ, sem styrkir rannsóknir nemanda með virkri samkeppni um styrki, til samræmis við Eimskipafélagssjóð HÍ. Styrkir yrðu einnig veittir til rannsókna starfsmanna. Rétt er að huga að því að kosta stofnun slíks sjóðs með sölu jarðeigna skólans, sem rynni til sjóðsins. Með slíkum sjóði jafnast aðstaða LbhÍ til samræmis við HÍ, sem m.a. auðveldar frekari samþættingu og samvinnu skólanna.

Stefnt er að aukningu ritryndra greina starfsmanna, úr um 17 greinum á ári í > 30 greinar en sú aukning tengist m.a. fjölda útskrifaðra rannsóknanema. Ennfremur verður unnið að útgáfu efnis í ritum LbhÍ, bókum hjá viðurkenndum forlögum og öðrum vettvangi, til að efla þá almennu þjónustu sem skólinn veitir.

Stefnt er að því að efla faglega getu skólans með ráðningum akademískra starfsmanna, sem sinna kennslu, leiðbeiningu rannsóknarnema og útgáfu á ritryndum vettvangi. Sú aukning verður að hluta á kostnað aðkeyprar kennslu stundakennara.

Stoðkerfi LbhÍ verður styrkt í samræmi við meiri umsvif, en í nánú samstarfi við Háskóla Íslands og samstarfsnet háskólanna. Tekið verður upp sameiginlegt stoðkerfi (Ugla) fyrir netþjónustu í tengslum við kennslu og nemendur. Stefnt er að því að samræma kaup á hugbúnaði fyrir nemendur og akademíska starfsmenn í þágu rannsókna og kennslu, eftir því sem um semst í samræmi við stefnumótun á vettvangi samstarfsnetsins.

Endurmenntunardeild sinnir mikilvægum störfum á vettvangi samfélagsins þar sem um 3.000 nemendur sækja námskeið á ári. Með þessu starfi fá einstaklingar sem búa um landið allt tækifæri til að bæta þekkingu á mörgum þeirra fagsviða sem skólinn sinnir. Stefnt er að hægfa aukningu nemenda og að skólinn eflí stöðir endurmenntunar með fjölgun starfsmanna, allt eftir tekjustreymi en endurmenntun á að vera fjárhagslega sjálfbær.

7. Samstarf, upplýsingagjöf, lykiltölur og aðgangsviðmið

7.1 Samstarf

LbhÍ mun vinna í góðu samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að þróun náms og rannsókna við skólann. Eins og fram kemur í þjónustusamningi, verða tveir formlegir samráðsfundir árlega um starf og stefnu skólans. Að auki mun skólinn eiga óformleg samskipti við ráðuneytið og upplýsa jafnóðum um mikilsverða áfanga og þær breytingar sem áhrif hafa á starfið.

7.2 Upplýsingagjöf og lykiltölur

LbhÍ mun skila öllum þeim gögnum sem óskað er eftir í samningnum eins fljótt og frekast er unnt á hverjum tíma. Við innra og ytra mat háskóla er m.a. byggt á tölulegum gögnum úr skráum hans sem gefa mynd af starfi og árangri skólans. Markmiðið er að fá sem gleggstu heildarmynd af háskólanum, hvernig hann þróast og hvernig hann er í samanburði við aðra háskóla.

Háskólinn mun skila yfirliti yfir lykiltölur til mennta- og menningarmálaráðuneytis og birta á heimasíðu sinni í samræmi við birtingaráætlun eigi síðar en um mitt árið á eftir. Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun jafnframt birta lykiltölur um háskólakerfið í heild.

Skilgreiningar og tímamörk lykiltalna eru í vinnslu og gert er ráð fyrir að á fyrsta formlega samráðsfundi aðila verði tekin ákvörðun um val þeirra, skilgreiningar ásamt birtingaráætlun. Í viðauka 8.1 eru drög að lykiltölum sem unnið verður út frá en meginþættir þeirra eru nemendur, starfsfólk, kennsla og rannsóknir, fjárhagur, svæðistenging og mikilvægi, virkni í þekkingaryfirferlu og alþjóðlegar áherslur. Lykiltölnar taka fullt tillit til lykiltalna U-Map verkefnisins (European classification of higher education institutions – vefslóð: <http://www.u-map.eu/>).

Loks mun háskólinn skila inn frekari upplýsingum til ráðuneytisins er varða starf og árangur skólans, svo sem rannsókn- og kennsluskýrslur.

7.3 Aðgangsviðmið

Háskólinn skilgreinir og birtir lágmarkskröfur um aðgangsviðmið nemenda sem hefja nám á grunnstigi í einstökum deildum og/eða námsbrautum við skólann. Við framsetningu aðgangsviðmiða skal tekið mið af aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011. Framsetning annarra aðgangsviðmiða verði unnin í samráði við ráðuneytið. Í viðauka 8.2 eru nánari upplýsingar um forsendur aðgangsviðmiða og hugmynd um innleiðinu þeirra.

Starfsmenn stefnumótunar- og þróunardeildar ráðuneytisins munu vera háskólanum til aðstoðar við vinnslu verkefnisins.

Ráðuneytið leggur áherslu á samfellu milli skólastiga. Samkvæmt nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla munu framhaldsskólar gera tillögur að uppbyggingu námsbrauta til stúdentsprófs. Eftir umsagnaferli eru þær staðfestar af ráðuneytinu og verða þá hluti af aðalnámskrá. Ráðuneytið telur jafnframt mikilvægt að hægt verði að senda tillögur að námsbrautum til stúdentsprófs til umsagnar innan háskólastigsins.

7.4 Frjáls hugbúnaður

Háskólinn og ráðuneytið vinna í sameiningu að aukinni nýtingu frjáls hugbúnaðar í háskólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda um frjálsan og opinn hugbúnað sem gefin var út í mars 2008. Háskólinn tekur saman notkun á frjálsum hugbúnaði og áætlun um aukna nýtingu slíks hugbúnaðar sem miðast við lítið rask á kennslu- og rannsóknarhlutverki háskólans. Ráðuneytið býður fram ráðgjöf varðandi frjálsan hugbúnað og nýtingu hans. Í viðauka 8.3 eru nánari upplýsingar um aukna nýtingu frjáls hugbúnaðar og hugmynd að verklagi.

Með frjálsum hugbúnaði er átt við hugbúnað sem veitir notendum hans frelsi til að nota hugbúnaðinn með þeim hætti sem notandinn kys, frelsi til að kynna sér hugbúnaðinn, læra af honum og aðlaga að eigin þörfum, frelsi til að dreifa hugbúnaðinum og frelsi til að bæta hugbúnaðinn og dreifa þeim breytingum aftur til samfélagsins. Í fimmta lið stefnu stjórnvalda um frjálsan og opinn hugbúnað segir að stuðlað skuli að því að nemendur í menntastofnunum landsins fái tækifæri til að kynnast og nota frjálsan hugbúnað til jafns við séreignarhugbúnað.

Ávinningur af nýtingu frjáls hugbúnaðar er mikill. Frjáls hugbúnaður dregur ekki einungis úr hæði háskólans gagnvart fáum aðilum sem gerir skólann sjálfstæðari og sveigjanlegri, heldur býður frjáls hugbúnaður upp á kennslumöguleika sem ekki eru fyrir hendi í séreignarhugbúnaði, svo sem að kynna sér innri virkni hugbúnaðarins og að taka virkari þátt í þróun hugbúnaðarins. Virkari þátttaka felur ekki aðeins í sér forritun heldur einnig aðra þætti svo sem þýðingu á hugbúnaðinum og betri aðgangi að þróunarteymi sem getur betur orðið við óskum notenda hugbúnaðarins. Með frelsinu til að dreifa hugbúnaðinum getur háskólinn jafnframt stuðlað að jöfnuði meðal nemenda skólans og starfsmanna þar sem sami hugbúnaður stendur öllum til boða. Fjárhagslegur ávinningur getur einnig orðið umtalsverður þar sem ekki er greitt fyrir hugbúnaðarleyfi og hægt er að auka samstarf og samnýtingu til að draga úr bæði notkunar- og þróunarkostnaði.

8. Lykiltölur og aðgangsviðmið

8.1 Lykiltölur

I. Nemendur

1. Heildarfjöldi nemendaígilda á almanaksári 180 í háskólanámi 70 í starfsmenntanámi á framhaldsskólastigi
2. Heildarfjöldi nemenda á skólaárinu eftir
 - Kyni
 - Kk -147
 - Kvk - 228
 - fagsviðum
 - Búfræði frhs – 84
 - Blómaskreytingar frhs – 6
 - Garðyrkjuframleiðsla frhs – 22
 - Skrudgarðyrkjubraut frhs – 11
 - Skógur og umhverfi frhs – 5

 - Búvísindi BS – 56
 - Hestafræði BS – 25
 - Náttúru og umhverfisfræði BS – 43
 - Skógfræði og landgræðsla BS – 15
 - Umhverfisskipulag BS – 44

- Búvísindi MS – 6
 - Hestafræði MS – 1
 - Landgræðslufræði MS – 6
 - Náttúru og umhverfisfræði MS – 13
 - Skógfræði MS – 7
 - Skipulagsfræði MS – 18

 - PhD Auðlindadeild – 4
 - PhD Umhverfiseild - 2
 - námsstigum
 - Framhaldsskólastig - 129
 - Bakkalárpróf - 183
 - Meistarapróf - 51
 - Doktorspróf - 6
 - nýnemar eftir námsstigum
 - Framhaldsskólastig – 46
 - Bakkalárpróf – 72
 - Meistarapróf – 6
 - Doktorspróf - 0
 - námshlutfalli/ umfangi náms
 - 100% nám – ~75%
 - 50% nám – ~25%
 - kennsluformi
 - Dagskóli – 268
 - Fjarnám - 107
 - Þjóðerni
 - Íslendingar – 362
 - Svíar – 2
 - Þjóðverjar – 3
 - Pólverjar – 1
 - Hollendingar – 1
 - Danir - 1
3. Fjöldi brautskráðra nemenda á skólaárinu eftir
- Kyni
 - Kk – 39
 - Kvk - 55
 - Aldri
 - Undir 30 ára
 - Framhaldsskólastig – 30
 - Bakkalárpróf - 37
 - Meistarapróf – 0
 - Doktorspróf - 0
 - Yfir 30 ára
 - Framhaldsskólastig – 10
 - Bakkalárpróf - 17
 - Meistarapróf – 0
 - Doktorspróf - 0
 - fagsviðum (ath. útskrifað er annað hvert ár úr garðyrkjugreinum þess vegna er útskrifaður fjöldi 2011 0 í þeim greinum)
 - Búfræði frhs – 36
 - Blómaskreytingar frhs – 0
 - Garðyrkjuframleiðsla frhs – 0
 - Skrúðgarðyrkjubraut frhs – 4
 - Skógur og umhverfi frhs – 0
 - Búvísindi BS – 16
 - Hestafræði BS – 12
 - Náttúru og umhverfisfræði BS – 3
 - Skógfræði og landgræðsla BS – 3
 - Umhverfisskipulag BS – 20
 - Búvísindi MS – 0

- Hestafræði MS – 0
 - Landgræðslufræði MS – 0
 - Náttúru og umhverfisfræði MS – 0
 - Skógfræði MS – 0
 - Skipulagsfræði MS – 0
 - PhD Auðlindadeild – 0
 - PhD Umhverfisdeild - 0
 - námsstigum
 - Framhaldsskólastig - 40
 - Bakkalárpróf - 54
 - Meistarapróf - 0
 - Doktorspróf - 0
4. Hlutföll
- Inntökuhlutfall
 - Endurkomuhlutfall (skila sér á 2 námsár)
 - Hlutfall nemenda sem ekki hefur lokið tilsettri námsgráðu eftir ákveðinn tíma (áætlaður tími + 1 ár)
 - Hlutfall nemenda eldri en 30 ára

II. Kennsla og rannsóknir

1. Fjöldi viðurkenndra prófgráða í boði við skólann eftir
 - fagsviðum Búfræði /garðyrkja 5, Auðlinda og búvísindi 5, Náttúruvísindi 8
 - námsstigum Framhaldsskólastig 5, BS stig 5, MS stig 5, PhD stig 2.
2. Hlutfall útskrifaðra (af öllum stigum) af þrem námsleiðum: almennt nám, nám sem leiðir til starfsréttinda og aðrar starfsmiðaðar námsleiðir.
3. Fjöldi sameiginlegra prófgráða á árinu skipulagðar með
 - innlendum háskólastofnunum 2
 - erlendum háskólastofnunum 0
4. Heildarfjöldi birtinga fastráðinna starfsmanna í ritrýndum tímaritum/bókum á árinu eftir fagsviðum
5. Heildarfjöldi birtinga fastráðinna starfsmanna háskólans í ISI- tímaritum á árinu eftir fagsviðum
6. Fjöldi tilvitnana fastráðinna starfsmanna háskólans í ISI- tímaritum á árinu eftir fagsviðum
7. Fjöldi einkaleyfisumsókna og fenginna einkaleyfa á árinu 0
8. Fjöldi sprotafyrirtækja stofnuð á árinu 0
9. Fjöldi rannsóknafurða annarra en birtinga í ritrýndum tímaritum og fagtímaritum á akademískt stöðugildi
10. Allar útgáfur birtar í tímaritum, bókum og ritum sem beint er til faghópa og rekja má í gagnagrunnum til einstakra akademískra starfsmanna

III. Fjárhagur

1. Heildartekjur háskólans á árinu (mkr.): - 1.045,1
 - Heildargreiðsla úr ríkissjóði - 702,4
 - Heildarupphæð annarra tekna: - 342,7
 - Heildarupphæð skrásetningar- og skólagjalda (ekki endurmenntunarstarfsemi) - 24,0
 - Heildarupphæð rannsóknarstyrkja úr innlendum rannsóknasjóðum - 114,0
 - Heildarupphæð rannsóknastyrkja úr erlendum rannsóknasjóðum - 8,0
 - Heildarupphæð tekna af annarri starfsemi - 196,7
 - tekjur af endurmenntun - 53,5
 - tekjur af þekkingartengdri starfsemi s.s. leyfisgjöld, samstarfs- og styrktarsamningar o.s.frv.
 - tekjur af eignum. - 30,0
 - Ýmsar þjónustutekjur - 113,2
2. Heildarútgjöld háskólans á árinu til
 - Kennslu - 533,1
 - Rannsókna - 232,0
 - annars, s.s. stjórnsýslu, stoðþjónustu, húsnæðis - 280,0

IV. Svæðistenging

1. Fjöldi fyrsta árs nemenda í bakkalár námi (höfðatala) frá svæðinu (póstnúmer 310 og 311) sem hlutfall af heildarfjölda fyrsta árs bakkalárnemenda. Svæði ákvarðast af heimilisfangi nemanda. 8,6%

2. Fjöldi nemenda sem útskrifaðist fyrir tveimur árum (viðmiðunarár - 2), sem starfa á svæðinu, sem hlutfall af heildarfjölda brautskráðra frá því fyrir tveimur árum síðan. 6 af 78
3. Heildartekjur af svæðisbundnum og staðbundnum uppruna (bæði opinberir aðilar og einkaaðilar), þ.m.t. allir styrkir, niðurgreiðslur, kennslu- og rannsóknasamningar í 1000 evrum, sem hlutfall af heildartekjum. 0,5%

V. Virkni í þekkingaryfirfærslu

1. Fjöldi opinberra sýninga, opinberra tónleika og sýninga, sem er eru skipulagðar af stofnun eða deild innan hennar, sem eru skráðar sem slíkar og eru aðgengilegar fyrir almenning, á 1000 akademísk stöðugildi. 0
2. Heildartekjur af einkaleyfasamningum, tekjur af rannsóknasamningum við einkaaðila og opinbera aðila, tekjur af höfundaréttindum og tekjur af endurmenntunarstarfsemi (Continuing professional development - CPD) sem hlutfall af heildartekjum. 6,1%

VI. Alþjóðlegar áherslur

1. Fjöldi nýnema með erlent prófskírteini sem hlutfall af heildar innritun á námsbrautir skólans. 10 stk.
2. Tekjur af erlendum uppruna, þ.m.t. styrkir og samningar um kennslu og rannsóknir, bæði frá opinberum aðilum og einkaaðilum í 1000 evrum, sem hlutfall af heildartekjum.
3. Fjöldi innritaðra nemenda í erlendum nemendaskiptaáætlunum sem hlutfall af heildarfjölda nemenda. 1
4. Fjöldi erlendra akademískra starfsmanna (höfðatala) sem hlutfall af heildarfjölda akademískra starfsmanna (höfðatala). Erlendir akademískir starfsmenn eru akademískir starfsmenn með erlent ríkisfang sem starfa hjá stofnun eða starfa á grundvelli skiptiáætlana.
5. Fjöldi nemenda sem taka þátt í alþjóðlegum nemendaskiptaáætlunum sem hlutfall af heildarfjölda nemenda.

8.2 Innleiðing aðgangsviðmiða

Aðgangsviðmið einstakra deilda á háskólastigi eru mikilvægar upplýsingar fyrir framhaldsskóla við gerð námsbrauta og námsmenn varðandi sérhæft námsval. Í aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 er kveðið á um sérstakar reglur um nám til stúdentsprófs og sérstök ákvæði sett fram um lágmarkseiningafjölda. Reglurnar lúta meðal annars að hæfnikröfum í kjarnagreinum, þ.e. íslensku, ensku og stærðfræði en í viðauka 3 í námskránni eru birt hæfniviðmið þessara greina. Þar segir að stúdentspróf miði að því að undirbúa nemendur undir háskólanám hérlendis og erlendis. Námstími til stúdentsprófs getur verið breytilegur milli námsbrauta og skóla en framlag nemenda skal þó aldrei vera minna en 200 framhaldsskólaeiningar. Námslok til stúdentsprófs er í öllum tilvikum skilgreint á hæfniprep þrjú. Inntak náms til stúdentsprófs er háð lokaviðmiðum námsbrautarinnar en fer einnig eftir því hvers konar undirbúning viðkomandi námsbraut veitir fyrir háskólanám. Uppistaða námsins getur því falið í sér bóknám, listnám eða starfsnám. Innleiðing nýrrar aðalnámskrár framhaldsskóla skal lokið árið 2015. Mikilvægt er að virkt samráð eigi sér stað á milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins, framhaldsskólanna og háskólanna um aðgangsviðmið.

Innleiðing:

Háskólarnir munu skólaárið 2012/2013 velja sér eitt fræðasvið/deild og vinna skilgreiningu aðgangsviðmið fyrir allar námsleiðir innan hennar. Háskólinn mun halda samráðs- og vinnufund með fulltrúum ráðuneytisins og framhaldsskólanna um aðgangsviðmiðin og gefa þeim tækifæri til að bregðast við framsetningu og inntaki.

Háskólarnir munu skólaárið 2013/2014 skilgreina aðgangsviðmið fyrir allar deildir og fræðasvið skólans. Hver háskóli mun halda samráðs- og vinnufundi með fulltrúum ráðuneytisins og framhaldsskólanna um aðgangsviðmiðin og gefa þeim tækifæri til að bregðast við framsetningu og inntaki þeirra.

Háskólarnir munu í síðasta lagi skólaárið 2014/2015 birta aðgangsviðmið allra námsleiða viðkomandi skóla. Gert er ráð fyrir að allir framhaldsskólar kenni samkvæmt nýrri námskrá haustið 2015..

Endurskoðun og viðhald:

Háskólar endurskoða og uppfæra aðgangsviðmið og framhaldsskólarnir endurskoða og uppfæra námsleiðir sínar með reglubundnum hætti.

8.3 Nýting frjáls hugbúnaðar

Háskólinn bendir nemendum og starfsfólki á frjálsan hugbúnað á vefsíðu tölvupjónustunnar undir liðnum Forrit. Það er gert með tengli á lista sem Háskóli Íslands heldur úti. Skoða þarf möguleika háskólans til að nýta frjálsan hugbúnað mun meira og betur í daglegum rekstri. Til þess þarf að greina núverandi stöðu tölvuumhverfis og finna möguleg tækifæri til frekari nýtingar á frjálsum hugbúnaði í háskólanum. Þær upplýsingar nýtast svo í gerð áætlunar um hvernig skuli stuðlað að frekari nýtingu á frjálsum hugbúnaði í háskólanum. Mikilvægt er að fara ekki of geyst og valda sem minnstu raski á kjarnastarfsemi

háskólans. Hægt er að nýta þekkingu og reynslu sem hefur myndast undanfarin ár í háskólum landsins og á Íslandi til að forðast vandamál sem upp geta komið og auka líkur á að frekari nýting frjáls hugbúnaðar sé öllum aðilum til hagsbóta.

Verklag:

Á samráðsfundi háskólans og ráðuneytis, sem fjallað er um í grein 6.1 í þjónustusamningi, mun tölvudeild háskólans halda kynningu á núverandi tölvuumhverfi og þeim tækifærum sem tölvudeildin sér til þess að nýta frjálsan hugbúnað, þá sérstaklega með það í huga að nemendum standi til boða að kynnast frjálsum hugbúnaði. Ráðuneytið veitir á sama samráðsfundi ráðgjöf um nýtingu frjáls hugbúnaðar og miðlar reynslu annarra á nýtingu slíks hugbúnaðar. Í framhaldi af þeim fundi tekur háskólinn saman áætlun um hvernig skuli stuðlað að frekari nýtingu á frjálsum hugbúnaði og byrjar að vinna út frá þeirri áætlun. Á meðan unnið er eftir áætluninni verður ráðuneytinu sendar stöðuskýrslur með millibili sem bæði háskólinn og ráðuneyti sættast um.

9. Viðauki

Hér er að finna ýmsar veflægar upplýsingar um starfsemi, stefnu og reglur háskólans og eru þær upplýsingar uppfærðar reglulega, ef breytingar verða.

9.1 Námsreglur

Námsreglur LbhÍ er að finna á vef skólans:

Fyrir Starfsnám í búfræði og garðyrkjugreinum: <http://www.lbhi.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3837>

Fyrir BS og MS nám: <http://www.lbhi.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3839>

Fyrir doktorsnám: <http://www.lbhi.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3842>

9.2 Starfsreglur

Starfsreglur fyrir LbhÍ er að finna á vef skólans, á slóðinni: <http://www.lbhi.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3824>

9.3 Siðareglur

Siðareglur LbhÍ er að finna á vef skólans, á slóðinni:

<http://landbunadur2.lbhi.is/Uploads/document/Reglur/sidareglur.LBHI.9.mai.2007.pdf>

9.4 Stefna

Stefna LbhÍ 2009-2013 er að finna á vef skólans, á slóðinni:

<http://vefur.lbhi.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3146>

Starfsmannastefna Landbúnaðarháskóla Íslands er að finna á vef skólans, á slóðinni:

<http://www.lbhi.is/forsida/Haskolinn/Starfsmannastefna>

9.5 Gæðastefna

Lýsingu á gæðaskerfi LbhÍ er að finna á vef skólans, á slóðinni:

<http://vefur.lbhi.is/Pages/1846>

9.6 Prófgráður og námskeiðslýsingar /námskrár

Prófgráður og námskeiðslýsingar Landbúnaðarháskóla Íslands er að finna á vef skólans, á slóðinni:

<http://www.lbhi.is/pages/1502>